

**STARFSSKÝRSLA  
SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS**

**MILLI AÐALFUNDA Á  
GRUNDAFIRÐI ÁRIÐ 2011  
OG BLÖNDUÓSI ÁRIÐ 2012**



# Efnisyfirlit

INNGANGUR .....	1
STJÓRN OG STARFSMENN SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS.....	2
EFTIRFYLGNÍ VIÐ ÁLYKTANIR 76. AÐALFUNDAR SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS.....	3
HELSTU VERKEFNI SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS Á STARFSÁRINU .....	5
ÚTGÁFUMÁL .....	5
FRÆÐSLUSTARF .....	6
FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR.....	7
SKIPULAGSVERKEFNI.....	7
VINNA Á SKÓGRÆKTARSVÆÐUM .....	7
OPINN SKÓGUR.....	8
LANDGRÆÐSLUSKÓGAR.....	8
YRKJA – SJÓÐUR ÆSKUNNAR TIL RÆKTUNAR LANDSINS.....	9
SKÓGRÆKTARSJÓÐUR HÚNAVATNSSÝSLU.....	9
ÝMIS VERKEFNI .....	10
STUÐNINGSADILAR SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS.....	13

Ljósmyndir í skýrslu:  
*Brynjólfur Jónsson*  
*Einar Gunnarsson*  
*Ragnildur Freysteinsdóttir*

08.08.2012





## INNGANGUR

76. aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn á Grundarfirði, dagana 2.-4. september árið 2011.

Fundinn sóttu á annað hundrað fulltrúar skógræktarfélaganna og gestir, alls staðar af landinu, en gestgjafi var Skógræktarfélag Eyrarsveitar.

Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Magnús fór yfir helstu verkefni félagsins, bakhjarla þess og horfur í skógrækt, auk þess sem hann kom sérstaklega inn á Alþjóðlegt ár skóga 2011.

Næstur tók til máls Andrés Ingi Jónsson, fulltrúi umhverfisráðherra, og bar hann kveðju ráðherra. Í ávarpi sínu kom hann meðal annars inn á vinnu við endurskoðun skógræktarlaga, ráðstefnu um skógræktarmál og drög að breytingu á náttúruverndarlögum.



Fundargestir aðalfundar 2011 heimsækja Opinn skóg í Tröð við Hellissand.

Fundargestir aðalfundar 2011 heimsækja Brekkuskóg ofan Grundarfjarðar.

Gunnar Njálsson, formaður Skógræktarfélags Eyrarsveitar, bauð því næst fundargesti velkomna og sagði stuttlega frá félaginu.

Næstur tók til máls Björn Steinar Pálmason, bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar. Kom hann inn á skógræktarskilyrði á Snæfellsnesinu og náttúruverndarmál þar.

Seinastur tók til máls Jón Loftsson skógræktarstjóri. Minntist hann einnig á fyrirhugaða ráðstefnu um skógarmál, gildi

skóga og skógræktar og þá auðlind sem skógar eru.

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa samþykkti aðalfundurinn níu tillögur að ályktunum.

Þeim skógræktarfélagum, sem áttu tugaafmæli á árinu, voru færðar árnaðaróskir. Að þessu sinni voru það Skógræktarfélag Vestmannaeyja (10 ára), Skógræktar- og landverndarfélagið undir Jökli (20 ára), Skógræktarfélag Strandasýslu (60 ára), Skógræktarfélag Siglufjarðar (70 ára), Skógræktarfélag Árnesinga (70 ára) og Skógræktarfélag Eyfirðinga (80 ára).

Farið var í tvær skoðunarferðir á vegum Skógræktarfélags Eyrarsveitar. Á föstudeginum var Eiðisskógur heimsóttur. Eftir skoðun þar var haldið til Ólafsvíkur og skoðuð skógræktarsvæði ofan bæjarins, auk þess sem undirritaðir voru tveir samningar Skógræktarfélags Ólafsvíkur, annars vegar við Snæfellsbæ um Landgræðsluskóg og hins vegar við Grunnskóla Snæfellsbæjar um samstarf. Endaði skoðunarferðin á heimsókn í Opinn skóg í Tröð, þar sem Skógræktar- og landverndarfélagið undir Jökli bauð upp á hressingu. Á laugardegnum var haldið í Brekkuskóg ofan Grundarfjarðar, þar sem ný aðkoma að skóginum var formlega opnuð. Gengið var um skóginn og endað á hressingu í skjólgóðum skógarlundi.

## STJÓRN OG STARFSMENN SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

Á aðalfundinum voru Gísli Eiríksson og Sigrún Stefánsdóttir kosin í stjórn Skógræktarfélags Íslands. Varamenn voru kosin Sigríður Heiðmundsdóttir, Vilhjálmur Lúðvíksson og Kristinn Þorsteinsson. Einnig var kosið um formann. Magnús Gunnarsson var einn í kjöri og því sjálfkjörinn. Þá voru skoðunarmenn reikninga endurkjörnir, þeir Birgir Ísleifur Gunnarsson og Halldór Halldórsson.

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt:

Magnús Gunnarsson formaður, Sigrún Stefánsdóttir varaformaður, Guðbrandur Brynjólfsson gjaldkeri, Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari, Gísli Eiríksson, Páll meðstjórnenndur.

Stjórnin hélt þrettán fundi á tímabilinu. Fundirnir voru haldnir í húsakynnum félagsins að Skúlatúni 6. Eins og áður voru varamenn og skógræktarstjóri boðaðir á alla stjórnarfundum Skógræktarfélags Íslands.

Hjá félaginu störfuðu fjórir fastráðnir starfsmenn: Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri, Einar Gunnarsson skógræktarfræðingur, Hrefna Einarsdóttir skrifstofustjóri og Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverfisfræðingur.

Lausráðnir starfsmenn hjá félaginu á tímabilinu voru: Jón Ásgeir Jónsson, sem vann að erindrekstri og öðrum sérverkefnum, Einar Örn Jónsson, sem vann að atvinnuátaki og öðrum sérverkefnum, Gústaf Jarl Viðarsson, sem vann að jólatrjám og öðrum sérverkefnum, Daníel Karl Björnsson, sem vann að jólatrjám og Gabriel Pic, Einar Smári Einarsson og Birkir Þór Brynjólfsson, sem unnu að ýmsum sérverkefnum.

Stjórn félagsins og starfsmenn hafa á þessu ári sem áður leitast við að styrkja eftir megni starfsemi aðildarfélaganna með fræðslu, ráðgjöf og leiðbeiningum og eftir fönngum fylgst með starfsemi félaganna eins og nánar er gerð grein fyrir í skýrslunni.



Stjórn og starfsmenn Skógræktarfélags Íslands heimsækja Pál Samúelsson og Elínu Jóhannsdóttur.

Ingbór Kristinsson og Þuríður Yngvadóttir



Starfsmenn Skógræktarfélags Íslands í júní 2012. Á myndina vantar Einar Örn Jónsson.

## Umsvif og lykiltölur úr rekstri

	2011	2010
<b>Rekstrarreikningur</b>		
Rekstrartekjur	40.137.127	36.085.286
Rekstrargjöld	34.988.291	34.180.637
Rekstrarhagnaður (tap) án fjárm.tekna og fjárm.gjalda	5.148.836	1.904.649
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	763.805	803.780
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>	<b>5.912.641</b>	<b>2.708.429</b>
<b>Efnahagsreikningur</b>		
Eignir		
Fastafjármunir	198.521.748	25.346.942
Veltufjármunir	99.212.060	35.080.892
<b>Eignir samtals</b>	<b>297.733.808</b>	<b>60.427.834</b>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé	120.053.953	26.641.312
Skammtímaskuldir	177.679.855	33.786.522
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>297.733.808</b>	<b>60.427.834</b>
<b>Eignir í bundnum sjóðum</b>	<b>82.744.174</b>	<b>159.714.027</b>

## EFTIRFYLGNI VIÐ ÁLYKTANIR 76. AÐALFUNDAR SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

Ályktunum aðalfundarins í Grundarfirði hefur verið fylgt eftir af stjórn svo sem hér segir:

### Ályktun 1:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Grundarfirði 2.-4. september 2011, beinir því til stjórnvalda að styðja vel við ræktun og landbætur í atvinnuskyni, til búdrýginda og yndisauka. Leggja þarf áherslu á rannsóknir, fræðslu, breytingar á laga- og reglugerðarumhverfi og stuðning við uppbyggingu grunnkerfis svo sem úrvinnslu- og móttökustöðva. Þá þarf að hvetja til aukins frumkvöðlastarfs og nýsköpunar í hvers kyns ræktun og úrvinnslu afurða.



Samningur um atvinnuáttak undirritaður í Garðabæ.

Ályktunin var send til forsætisráðuneytisins og afrit á önnur ráðuneyti stjórnarráðsins.

### Ályktun 2:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Grundarfirði 2.-4. september 2011, þakkar innanríkisráðherra fyrir góðan stuðning við atvinnuáttak Skógræktarfélags Íslands. Jafnframt hvetur fundurinn ráðherra til að halda áfram stuðningi við átakið.

Ályktunin var send til ráðherra.

### Ályktun 3:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Grundarfirði 2.-4. september 2011, beinir því til stjórnvalda að tryggja góða opinbera umræðu á sviði skógræktar, náttúruverndar



og landnýtingar með vönduðum málatilbúnaði. Málefnaleg og fagleg umræða getur því einungis farið fram að vel sé staðið að reifun máls. Eðlilegt er að gerðar séu ríkar kröfur til greinargerða, álitserða stofnana, lagafrumvarpa og reglugerða sem liggja til grundvallar almennri umræðu. Hið sama gildir vitaskuld um upplýsingagjöf stjórnvalda til alþjóðlegra stofnana. Upplýst og fordómalaus umræða er forsenda góðrar stjórnýslu og stjórnvöldum á hverjum tíma ber skylda til að byggja allar aðgerðir sínar á traustum faglegum grunni.

Ályktunin var send til umhverfis-, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytanna.

#### **Ályktun 4:**

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Grundarfirði 2.-4. september 2011, telur að náttúruvernd á Íslandi þurfi að fela í sér virka uppgræðslu rýrs og rofins lands og endurreisn skóga. Unnið verði af frjálsslyndi og umburðarlyndi og notaðar þær tegundir trjáa og annarra plantna sem best eiga við, óháð uppruna þeirra. Fundurinn lýsir andstöðu við þá hugmyndafræði að náttúruvernd felist einkum í viðhaldi á óbreyttri ásýnd og óbreyttu ástandi lands. Síst á slík hugmyndafræði að ráða för í stefnu stjórnvalda í meðferð auðna af manna völdum.

Ályktunin var send til umhverfis-, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytanna.

#### **Ályktun 5:**

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Grundarfirði 2.-4. september 2011, fagnar boði umhverfisráðherra um náiid samráð við Skógræktarfélag Íslands og önnur félagasamtök á sviði umhverfismála um endurskoðun náttúruverndarlaga og nýrra skógræktarlaga. Fundurinn væntir þess að þetta samstarf verði á málefnalegum og faglegum grunni þannig að tryggt verði að hagsmunir skógræktar fái sanngjarna og vel ígrundaða umfjöllun.



Jón Ásgeir Jónsson sýnir austurrísku skógræktarfólki sjálfsáid birki á Skeiðarársandi.

Ályktunin var send til umhverfisráðuneytisins.

#### **Ályktun 6:**

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Grundarfirði 2.-4. september 2011, hvetur samninganefnd Íslands í viðræðum um aðild Íslands að Evrópusambandinu að leggja ríka áherslu á mikilvægi öflugs skógræktarstarfs á Íslandi – sem bætir lífsgæði, vinnur gegn losun koltvísýrings í andrúmslofti, eflir og verndar lífríki og byggð gegn eyðingaröflum, skapar sjálfbæra auðlind, skapar ný störf í dreifbýli og styrkir byggð í landinu. Býður Skógræktarfélag Íslands fram krafta sína í þessu sambandi. Jafnframt ályktar fundurinn að fela félagsstjórn að skipa nefnd til þess að gæta hagsmuna og nýta tækifæri skógræktar á Íslandi í yfirstandandi viðræðum við ESB. Nefndina skipi fulltrúi tilnefndur af Skógrækt ríkisins, fulltrúi frá Landssamtökum skógareigenda og eftir atvikum frá landshlutaverkefnum auk fulltrúa frá Skógræktarfélagi Íslands.

Ályktunin var send utanríkisráðuneytinu og afrit sent á umhverfis-, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytin.

#### **Ályktun 7:**

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Grundarfirði 2.-4. september 2011, hvetur stjórnvöld til að endurskoða lög og reglur um lausagöngu búfjár og ábyrgð á búfenaði. Þau lög og reglur sem nú gilda eru börn síns tíma og þarf að endurskoða með tilliti til breyttra búskaparháttanna og fjölbreyttari starfsemi í sveitum landsins.

Ályktunin var send til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

### **Ályktun 8:**

*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Grundarfirði 2.-4. september 2011, beinir því til stjórnvalda að láta af hendi lönd í eigu ríkisins til skógræktarféлага, til eignar eða umsjónar. Er þar einkum átt við landsvæði á jörðum eða jarðir sem eru í eyði og/eða henta af einhverjum orsökum illa til hefðbundins landbúnaðar.*

Ályktunin var send til fjármálaráðuneytisins og afrit sent á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið.

### **Ályktun 9:**

*Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Grundarfirði 2.-4. september 2011, beinir því til innanríkisráðherra og umhverfisráðherra að beita sér fyrir því að sérstöku fjármagni verði veitt á fjárlögum til Opinna skóga.*

Ályktunin var send til innanríkisráðuneytisins og umhverfisráðuneytisins.

## HELSTU VERKEFNI SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS Á STARFSÁRINU

### ÚTGÁFUMÁL

#### **Skógræktarritið, rit Skógræktarfélags Íslands**

Á milli aðalfunda hafa komið út tvö hefti Skógræktarritsins. Skógræktarritið 2. tbl. 2011 kom út í nóvember 2011 og 1. tbl. 2012 kom út í maí á þessu ári. Áskrifendur eru nú tæplega 2000. Unnið hefur verið að því undanfarin ár að skanna inn eldri árganga ritsins og verða þeir aðgengilegir á heimasíðu félagsins.

#### **Laufblaðið**

Á tímabilinu komu út tvö tölublöð Laufblaðsins – í desember 2011 og apríl 2012. Blaðið er sent öllum félagsmönnum í skógræktarfélagunum sem skráðir eru með netfang. Efnt var til netfangaleiks meðal félagsmanna í tengslum við útsendingu félagsskírteina, til að hvetja félagsmenn til að skrá netfang sitt. Voru þrír vinningshafar dregnir út í maí.

#### **Frækornið**


Á starfsárinu kom út eitt eintak af fræðsluritinu Frækornið, en það fylgir nú Skógræktarritinu. Efni þess var Reynnitegundir (nr. 30).

#### **Tækifæriskort**

Félagið gaf út sérstakt kort með mynd af málverki er heitir „Jack Lumber in the green ” og er eftir Söru Riel. Þessi mynd prýðir einnig forsíðu 2. heftis Skógræktarritsins 2011.

#### **Félagsskírteini skógræktarfélaganna**

Prentuð voru félagsskírteini fyrir alla félagsmenn og þau send til formanna skógræktarfélaganna. Leitað var til ýmissa fyrirtækja um afslátt á vörum og þjónustu. Að þessu sinni veittu ellefu fyrirtæki félagsmönnum 4-15% afslátt gegn framvísun skírteinisins. Fyrirtækin eru: Barri, Garðheimar, Garðyrkjastöðin Kvistar, Gróðrarstöðin Mörk, Gróðrarstöðin Réttarhóll, Gróðrarstöðin Pöll, MHG Verslun, Náthagi garðplöntustöð, Ormsson, Skógræktarstöðin Ölur og Sólskogar.



Forsíða 2. tbl. Skógræktarritsins 2011. Sama mynd prýddi tækifæriskort félagsins.



## Heimasíða Skógræktarfélags Íslands

Félagið hélt úti heimasíðunni [www.skog.is](http://www.skog.is) á tímabilinu. Á síðunni eru grunnupplýsingar um Skógræktarfélag Íslands og einstök skógræktarfélög. Birtar eru fréttir af starfi skógræktarfélaganna og sagt frá því sem er á döfinni á hverjum tíma. Einnig eru birtar ýmsar fréttir sem varða skógrækt og þykja eiga erindi á síðuna. Félagið er einnig með síðu á Facebook.

Fjöldi einstaklinga á póstlista félagsins er rúmlega 800 og fá þeir sendar tilkynningar um valda viðburði.



Ung stúlka nýtur útiverunnar í jólaskóginum í Brynjudal.

## Kynningarmyndbönd um skógræktarfélögin

Í tilefni af Alþjóðlegu ári skóga 2011 lét Skógræktarfélag Íslands gera tvö stutt kynningarmyndbönd, sem fjalla annars vegar almennt um starf skógræktarfélaganna og gildi skógræktar og hins vegar um Græna trefilinn, sem er samheiti yfir skógræktar- og útivistarsvæði í upplandi höfuðborgarsvæðisins. Var Óskar Þór Axelsson kvikmyndagerðarmaður fenginn til að gera myndirnar, en hann er vel þekktur sem leikstjóri kvikmyndarinnar *Svartur á leik*. Megintilgangur myndbandagerðarinnar var að vekja athygli á því góða starfi sem skógræktarfélögin hafa unnið í gegnum tíðina og hvetja fólk til að leggja skógræktarhreyfingunni lið.



Skógarganga hjá Skógræktarfélagi Kópavogs í Kópavogsdal.

## FRÆÐSLUSTARF

Félagið lagði sem fyrr áherslu á öflugt fræðslu- og leiðbeiningastarf fyrir almenning á tímabilinu.

### Heimsóknir til skógræktarféлага

Erindreki félagsins heimsótti aðildarfélög víðsvegar um landið í sumar. Aðal verkefni hans er að vera félögunum til halds og trausts, fylgjast með félagastarfi þeirra, benda á það sem vel er gert og koma með hugmyndir og veita ráð um eflingu á starfsemi félaganna. Þau félög sem heimsótt voru eru Skógræktarfélag Bíldudals, Bolungarvíkur, Breiðdæla, Dalasýslu, Djúpavogs, Eskifjarðar, Eyfirðinga, Fáskrúðsfjarðar, Grindavíkur, Neskaupstaðar, Patreksfjarðar, Reyðarfjarðar, Seyðisfjarðar, Skagastrandar, Strandasýslu, Súgandafjarðar, Tálknafjarðar og Önundarfjarðar og Skógræktarfélagið Mörk.

Einnig hélt fulltrúi félagsins erindi á aðalfundi Skógræktar- og landverndarfélagins undir Jökli. Starfsmenn mættu einnig á aðalfundi nokkurra féлага.



### **Fjölmiðlaviðtöl**

Fulltrúar félagsins mættu í viðtöl í útvarpi, blöðum og sjónvarpi um ýmis málefni tengd skógum og skógrækt og sátu fyrir svörum við ýmis tilefni.

### **Heimilið og garðurinn 2012**

Skógræktarfélag Íslands var með bás á sýningunni Heimilið og garðurinn 2012 í Smáranum, þar sem kynnt var útgáfa félagsins, sérstaklega Skógræktarritið.

Sjálfbodaðiðar á vegum Seeds samtakanna unnu í Brynjudal.

## **FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR**

### **Fulltrúafundur skógræktarfélaganna**

Fulltrúafundur skógræktarfélaganna var haldinn laugardaginn 14. apríl að Úlfjótuvatni. Á fundinum var rætt um jólatré og Úlfjótuvatn og hugmyndir um framtíðarnýtingu þess. Mættu um 50 fulltrúar frá skógræktarfélögum um land allt.



Þátttakendur á fulltrúafundi skógræktarfélaganna halda frá Úlfjótvatnskirkju.

### **Samráðsfundur umhverfisráðherra og frjálsra félagasamtaka**

Fulltrúi félagsins sat samráðsfund umhverfisráðherra með fulltrúum hinna ýmsu umhverfissamtaka.

### **Fagráðstefna skógargeirans**

Skógræktarfélag Íslands var formlegur þátttakandi í Fagráðstefnu skógargeirans sem að þessu sinni var haldin á Húsavík. Er það í samstarfi Landshlutabundnu skógræktarverkefnanna, Skógræktar ríkisins og Landssamtaka íslenskra skógareigenda. Ráðstefnan tók þrjá daga og var vel sótt.

## **SKIPULAGSVERKEFNI**

### **Umsjón með skógræktarstarfi Landsvirkjunar við Búrfell**

Starfsmaður Skógræktarfélags Íslands hefur undanfarin ár haft faglega umsjón með framkvæmdum á skógræktarsvæði Landsvirkjunar við Búrfell. Nú er búið að gróðursetja í samningsbundið land og hafa Landsvirkjun og Skógræktarfélag Íslands viðrað samning um nýtt svæði við sveitarfélagið, sem er að vinna nýtt aðalskipulag.

## **VINNA Á SKÓGRÆKTARSVÆÐUM**

### **Brynjudalur í Hvalfirði**

Unnið var áfram að uppbyggingu jólatrjáaræktunar í Brynjudal í samstarfi við stuðningsfyrirtæki félagsins. Gróðursettir voru um 5.000 fjallaþinir. Töluvert var unnið í grisjun og fráklippingu á svæðinu, svo og að endurbótum á aðstöðu í skóginum, en auk



Samningur um kaup á Úlfljótavatni undirritaður.

eignaskipta, afnota- og réttindasamning um jörðina. Í samningnum er kveðið nánar um skiptingu jarðarinnar og fasteigna á henni á milli þessara aðila, auk þess sem samningurinn leggur drög að sameiginlegri framtíðarsýn eigendanna.

starfsmanna Skógræktarfélagins unnu tveir hópar sjálfboðaliða frá samtökunum Seeds í skóginum í júlí og ágúst. Heimsóknir fyrirtækjahópa í jólaskógin njóta áfram vinsælda.

### Úlfljótavatn

Félagið keypti jörðina Úlfljótavatn ásamt Bandalagi íslenskra skáta og Skátasambandi Reykjavíkur af Orkuveitu Reykjavíkur og var samningur þar að lútandi undirritaður í desember. Fulltrúafundur skógræktarfélaganna var svo haldinn þar laugardaginn 14. apríl, eins og áður hefur komið fram. Eigendur Úlfljótavatns undirrituðu svo þann 26. júní

## OPINN SKÓGUR

Unnið hefur verið að endurnýjun skilta og viðhaldi í öllum skógunum. Auk þess var unnið að opnun skógarins að Laugalandi á Þelamörk, sem fyrirhugað er að opna formlega sunnudaginn 26. ágúst.



Gabriel Pic grisjar í undirbúningi að Opnum skógi að Laugalandi í Hörgárdal.

## LANDGRÆÐSLUSKÓGAR

Samráðsnefnd um Landgræðsluskóga er Skógræktarfélagi Íslands til ráðgjafar um framkvæmd verkefnisins. Í nefndinni sitja Kristín Svavarsdóttir frá Landgræðslu ríkisins, Þröstur Eysteinnsson frá Skógrækt ríkisins, Jón Geir Pétursson frá umhverfisráðuneytinu og frá Skógræktarfélagi Íslands eru Einar Gunnarsson og Gísli Eiríksson, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Vinna við gerð fyrstu útboðsgagna vegna umhirðu landgræðsluskóga er á lokastigi. Um er að ræða þróunarverkefni sem mun afla vitneskju um afköst, kostnað og árangur, sem mun nýtast í framtíðinni.

Síðastliðin ár hefur verið kallað eftir upplýsingum um gróðursetningar ársins. Þær upplýsingar um plöntufjölda, tegund og staðsetningu sem berast eru færðar inn í gagnagrunn á tölvutæku formi. Um er að ræða víðtækt samvinnuverkefni milli Skógræktarfélag Íslands, umsjónaraðila Landgræðsluskóga og Íslenskrar skógarúttekta á Mógilsá. Mikilvægt er að greiðlega gangi að afla gagna frá ræktendum. Áðurnefndum samstarfsaðilum eru færðar bestu þakkir fyrir samvinnu og aðstoð.

Unnið er að endurnýjun samstarfssamnings við ríkisvaldið um áframhaldandi stuðning við verkefnið.



## VINASKÓGUR Á ÞINGVÖLLUM

Unnið var að almennu viðhaldi. Einnig voru gróðursettar vel á þriðja þúsund plöntur, undir hatti Global ReLeaf verkefnisins (sjá nánar síðar).

## YRKJA – SJÓÐUR ÆSKUNNAR TIL RÆKTUNAR LANDSINS

Framkvæmdir á vegum Yrkjusjóðs hafa gengið með venjubundnum hætti og þátttaka skóla er álíka mikil og undanfarin ár, eða rúmlega 100 skólar. Skógræktarfélag Íslands hefur annast rekstur Yrkju og situr framkvæmdastjóri félagsins alla stjórnarfundi.



Verðlaunahafar úr ritgerðasamkeppni Yrkjusjóðs. Eina stúlku vantar á myndina, en hún var erlendis þegar afhending verðlauna fór fram.

Í tilefni Alþjóðaárs skóga 2011 og 20 ára afmælis Yrkjusjóðs árið 2012 stóð sjóðurinn fyrir ljóða- og ritgerðasamkeppni meðal grunnskólanema og var þema samkeppninnar „Þetta gerir skógurinn fyrir mig“. Rúmlega 300 ljóð og rúmlega 80 ritgerðir bárust í keppnina, frá grunnskólabörnum um land allt. Verðlaun voru veitt fyrir ritgerð og ljóð í tveimur flokkum, fyrir miðstig (5.-7. bekk) og efsta stig (8.-10. bekk). Auk viðurkenningarskjals fengu verðlaunahafar 25.000 króna verðlaun til glaðnings sínum bekk.

Stjórn Yrkjusjóðs gaf einnig Jóni Eiríkssyni endurskoðenda viðarskál að gjöf, sem þakklætisvott fyrir sín störf, en hann endurskoðaði reikninga félagsins án endurgjalds í hartnær tvo áratugi.

Stjórn Yrkjusjóðsins er þannig skipuð: Sigurður Pálsson formaður, Helena Óladóttir, fulltrúi menntamálaráðuneytisins, Magnús Gunnarsson, fulltrúi Skógræktarfélags Íslands, Jón Loftsson, fulltrúi Skógræktar ríkisins, Fjóla Höskuldsdóttir, fulltrúi Kennarasambands Íslands og Þorbjörg Sæmundsdóttir, fulltrúi íslenskrar æsku.

## SKÓGRÆKTARSJÓÐUR HÚNAVATNSSÝSLU

Skógræktarsjóður Húnavatnssýslu er í vörslu Skógræktarfélags Íslands en sjóðurinn mun veita skógræktarfélögum sem hafa starfsemi í Húnavatnssýslum styrki til verkefna í samræmi við samning sem gerður hefur verið. Skógræktarfélag A-Húnavetninga fer með umsjón á jörðinni Fjósum í Svartárdal og Skógræktarfélag V-Húnavetninga fer með umsjón jarðarinnar Saura í Miðfirði.

## ERLEND SAMSKIPTI

### Skógræktarsamtök í Evrópu (EFN)

Fulltrúar frá Skógræktarfélagi Ísland munu sitja fund samtakanna í Helsinki í Finnlandi í lok ágúst. Heimasíða samtakanna er: <http://www.forestrysocieties.eu/>

### Skógarferð til Skotlands í september 2011

Rúmlega 70 manns fóru í kynnisferð skógræktaráhugafólks til Skotlands dagana 25. september til 2. október 2011. Aðal leiðsögumaður var Alexander Robertson skógfræðingur.



Gengið um gróskumikla skóga í fræðsluferð Skógræktarfélags Íslands til Skotlands 2011.

### **Fræðsluferð til Þýskalands**

Fyrirhuguð er ferð til Þýskalands 11.-18. september. Skoðaðir verða skógar Þýskalands, náttúra og menning, auk þess sem þarlendir skógaráðilar verða heimsóttir.

### **Heimsókn frá Forstverein für Oberösterreich und Salzburg**

Rúmlega 30 manna hópur frá Skógræktarsambandi Efra-Austurríkis og Salzburg var í heimsókn á Íslandi dagana 19.-27. júní. Fóru þeir hringinn í kringum landið og kynntu sér skóga, land og þjóð. Starfsmenn Skógræktarfélags Íslands voru þeim innan handar við skipulagningu ferðarinnar, auk þess sem þeir fylgdu Austurríkismönnum þrjá daga.

### **Heimsókn frá Sogn og Fjordane Skogselskap**

Aðalfundarhelgina kemur um tuttugu manna hópur frá Skógræktarfélaginu í Sogni og fjörðum í Noregi til landsins og mun hópurinn ferðast um Suður- og Vesturland í vikutíma og kynna sér skóga og skógrækt. Fulltrúi frá Skógræktarfélagi Íslands mun fylgja hópnum.

## **ÝMIS VERKEFNI**

### **Aðstoð við skógræktarfélag**

Eitt helsta verkefni starfsfólks Skógræktarfélags Íslands er fylgið í margs konar aðstoð og samstarfi við einstök aðildarfélag. Vann það að ýmsum smærri verkefnum í því sambandi, umfram það sem rakið er í starfsskýrslunni.



Tré ársins 2011.

### **Aðstoð við almenning**

Mikið er um að almenningur leiti ráða hjá starfsmönnum Skógræktarfélags Íslands um hvaðeina er lýtur að landgræðslu, trjá- og skógrækt. Er þeim erindum aðallega sinnt í gegnum síma eða tölvupóst, auk þess sem vel er tekið á móti þeim sem heimsækja skrifstofu félagsins og eru að leita sér fróðleiks.

### **Tré ársins 2011**

Tré ársins 2011 var vígt við formlega athöfn 13. september 2011. Að þessu sinni var um fjallagullregn (*Laburnum alpinum*) að ræða er stendur við Greniteig 9 í Reykjanesbæ. Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, afhenti eiganda Greniteigs 9, Sigrúnu Guðjónsdóttur, viðurkenningarskjál af þessu tilefni.

### **Skógrækt ríkisins**

Félagið átti gott samstarf við Skógrækt ríkisins og rituðu starfsmenn meðal annars áhugaverðar og gagnlegar greinar í Skógræktarritið. Þetta samstarf og stuðningur er félaginu mikils virði.

## **Fagráð Rannsóknastöðvar Skógræktar á Mógilsá**

Framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands er fulltrúi félagsins í ráðinu og sat hann fundi þess en því er ætlað að fjalla um áherslur, verkáætlanir og vera tengiliður við hagsmunaaðila.

## **Landgræðsla ríkisins**

Félagið átti gott samstarf við Landgræðslu ríkisins, sem fyrr, og er það samstarf og stuðningur félaginu mikils virði.

## **Landgræðslusjóður**

Fulltrúar Skógræktarfélags Íslands í stjórn Landgræðslusjóðs voru á árinu Guðbrandur Brynjúlfsson, sem var formaður sjóðsins, Magnús Gunnarsson og Þuríður Yngvadóttir. Þá sitja einnig í stjórn sjóðsins Jón Loftsson skógræktarstjóri og Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri. Starfsemi sjóðsins hefur gengið ágætlega og úthlutaði sjóðurinn um 16,2 milljónum kr. í ár. Að öðru leyti vísast til skýrslu sjóðsins.

## **Kolviður**

Unnið var að áburðargjöf á Geitasandi á Rangárvöllum. Leitast hefur verið við að framlengja samninga við ríkisvaldið um jöfnun á kolefnisbúskap stjórnsýslu landsins, að minnsta kosti bifreiðaflota og flugferðir ráðuneyta, með skógrækt. Skógræktarfélag og félagsmenn eru hvött/hvattir til taka þátt í að efla Kolvið með því að kolefnisjafna samgöngur sínar og gera samninga við verkefnið.



Samkeppni um hönnun duftkera úr íslenskum viði var einn atburða Alþjóðaárs skóga 2011.



Einar Örn Jónsson kynnir Skógræktarritið á sýningunni Heimilið og garðurinn 2012.

## **Ár skóga 2011**

Í tilefni af Alþjóðlegu ári skóga 2011 var stofnað til samstarfsnefndar um viðburði og dagskrá ársins hér á landi, með fulltrúum frá Skógrækt ríkisins, Landssamtökum skógareigenda, landshlutabundnum verkefnum í skógrækt og Skógræktarfélagi Íslands, en formaður félagsins var fulltrúi þess. Hulda Guðmundsdóttir skógarbóndi var ráðinn talsmaður verkefnisins og vann að ýmsum viðburðum og skipulagningu. Pokasjóður var aðal stuðningsaðili verkefnisins og styrkti það með myndarlegum hætti.

## **Þátttaka á aðalfundi 2011**

Stjórn félagsins ákvað eins og áður að veita fjárstuðning til minnstu aðildarfélaganna og var fjórum félögum veittur stuðningur þar að lútandi. Stjórnin telur mikilvægt að sjónarmið minni félaganna komi fram á aðalfundum félagsins.

## **Upplýsingar um skógræktarstarfið í landinu**

Unnið var áfram að söfnun tölulegra upplýsinga um skógræktarstarfið í landinu. Þessar upplýsingar eru afar mikilsverðar og eina heildarsamantektin á landsvísu. Niðurstöðurnar eru birtar árvísst í Skógræktarritinu.



## Grisjun

Talsvert var grisjað í Brynjudal sem er í umsjá Skógræktarfélags Íslands. Einnig var talsvert grisjað á Laugalandi í Hörgárdal í tengslum við Opinn skóg. Erindreki félagsins grisjaði einnig nokkuð hjá nokkrum félögum, í tengslum við heimsókn til félaganna.

## Atvinnuátak 2009-2011

Á árunum 2009-2011 voru sköpuð rúmlega 150 ársverk við skógrækt í nafni atvinnuátaks Skógræktarfélags Íslands. Upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir að áttakinu lyki árið 2011. Í samráði við Innanríkisráðuneytið var ákveðið að halda áttakinu áfram árið 2012 enda atvinnuleysi enn umtalsvert og afgangur af upphaflegri fjárveitingu til verkefnisins. Jafnframt hefur verið lögð inn umsókn til innanríkisráðuneytisins um framhald verkefnisins árin 2013-2015. Verkefnið er með svipuðu sniði og fyrri ár og byggist upp á þríhliða samningum milli Skógræktarfélags Íslands, staðbundinna skógræktarféлага og viðkomandi sveitarfélaga. Á árinu voru gerðir samningar upp á rúmlega 50 ársverk sem er svipað og verið hefur undanfarin ár.



Dorrit Moussaief forsetafrú velur best skreytta tréð á jólatrjáamarkaði skógræktarfélaganna.



Útsala á garðyrkju- og gróðurvörum úr gróðrarstöðinni á Akranesi undirbúin.

## Umsagnir

Skógræktarfélag Íslands lagði fram umsögn um Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands í desember 2011.

## Global ReLeaf styrkur

Skógræktarfélag Íslands, í samvinnu við Skógræktarfélag Reyðarfjarðar og Alcoa á Íslandi, fékk styrk úr Global ReLeaf verkefninu, sem er samvinnuverkefni American Forests og Alcoa Foundation. Sótt var um fjármagn til gróðursetningar trjáplantna á Reyðafirði og í Vinaskógi.

Voru um tíu þúsund plöntur settar niður í Reyðafirði og á þriðja þúsund í Vinaskógi. Hófst gróðursetning sumarið 2011, en var lokið nú í sumar.

## Jólatrjáamarkaður

